

hefir gjört, að sýkna stefnda af kærnum og kröfum áfrýjanda í málinu. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi Sigurður Pálsson greiði stefnda Hallgrími Daviðssyni fyrir hönd Gudmanns Efterfólgers verzlunar 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1907:

Jóhannes V. H. Sveinsson
 gegn
 Einari Markússyni.

D ó m u r:

Með gestaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu 16. okt. 1905 var áfrýjandinn Jóhannes V. H. Sveinsson skipstjóri á Kirkjufelli dæmdur til að greiða stefnda Einari kaupmanni Markússyni í Ólafsvík 223 kr. 78 a. með 6⁰/₀ vöxtum frá stefnudagi og 10 kr. í málskostnað. Dómur þessi var birtur áfrýjanda 1. nóv. 1905, og 4. des. s. á. kom hreppstjórinn í Eyrarsveit

ásamt vottum og virðingarmönnum að Kirkjufelli til þess samkvæmt bréfi sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu dags. 28. næst á undan að framkvæma, ef á þyrfti að halda, fjárnámsgjörð hjá áfrýjanda »til lúkningar dómsskuldinni með vöxtum og málskostnaði«. Það varð þó ekki af neinu fjárnámi, því að áfrýjandinn bauðst til að borga alla skuldina til dómhafa innan eins árs frá því að dómurinn var upp kveðinn, ef annar dómur yrði þá eigi fallinn í málinu og bauð fram ákveðið veð til tryggingar því loforði sínu, og þessu tilboði áfrýjanda gekk dómhafi (stefndi) að, og var þá hætt við gjörðina.

Eftir þetta skaut áfrýjandi gestaréttardóminum 16. okt. 1905 til yfirdóms og þar var málið dæmt 29. okt. 1906 svo, að dómsskuldin, er áfrýjandi átti að greiða stefnda, var færð niður í 936 kr. 44 a., og skyldi áfrýjandi greiða stefnda upphæð þessa ásamt 6⁰/₁₀ vöxtum af henni frá stefnudegi 15. apríl 1905 til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður.

En áður en yfirréttardómur þessi, 29. okt. f. á., væri uppkveðinn, rann út ársfrestur sá, er áfrýjanda hafði verið veittur með borgun dómsskuldarinnar, og hafði áfrýjandi þó eigi greitt dómsskuldina, eins og hann hafði sæzt á eða skuldbundið sig til 4. des. 1905 fyrir hreppstjóranum í Eyrarsveit. Krafðist þá stefndi 19. okt. f. á. fjárnáms hjá áfrýjanda samkvæmt sátt þessari eða samningi, og var fjárnámið framkvæmt af fógetanum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 14. nóv. f. á. þannig, að til lúkningar dómsskuldinni 2223 kr. ásamt vöxtum og kostnaði, alls eftir úrskurði fógetans 2531 kr. 13. a., var lýst fjárnámi á lausafé tilheyrandi áfrý-

janda virtu kr. 2085 og í fasteign hans, jörðinni Kirkjufelli.

Áfryjandi hefir skotið þessari fjárnámsgjörð til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. febr. þ. á., og eru kröfur hans þessar: að hin áfryjaða fjárnámsgjörð verði úr gildi feld eða ónýtt, að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu og að hann verði dæmdur til að greiða áfryjanda hæfilega upphæð eftir réttarins mati fyrir tort og Kreditspilde og málskostnað fyrir báðum réttum. Af hálfu stefnda hefir þess aftur á móti verið krafist, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara, að fjárnámsgjörðin verði staðfest og stefndi sýknaður af kröfum áfryjanda, en hann dæmdur í málskostnað eftir réttarins mati. Stefndi hefir krafist frávisunar af þeirri sök, að bréf sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 28. nóv. 1905, er skipaði hreppstjóra að fremja fjárnámið, er til stóð að hann framkvæmdi 4. des. 1905, hafi eigi fylgt réttargjörðum málsins, er fram hafa verið lagðar í yfirdóminum, en með því að þeirri fjárnámsgjörð eða fjárnámstilraun er eigi áfryjað í máli þessu, var eigi nauðsyn á framlagning nefnds bréfs, enda er eigi ágreiningur um innihald þess, það er máli skiftir. Frávisunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Viðvikjandi efni málsins, lögmæti hins áfryjaða fjárnáms, þá er fjárnámið bygt á eða gjört eftir samningi þeim eða sætt, er varð milli málsaðila fyrir hreppstjóranum í Eyrarsveit 4. des. 1905 sem leiddi til þess, að hreppstjóri hætti við að framkvæma skipun sýslumanns um fjárnám eftir gestaréttardóminum 16. okt. 1905, en þessi samningur eða sætt var hvorki gjörð né endurnýjuð fyrir löglegri sáttanefnd né dómstóli né yfir-

valdi, er boðið er að leita um sættir milli manna, sbr. lög um aðför 4. nóv. 1887, 1. gr., og gat hún því eigi verið löglegur grundvöllur undir fjárnámi, og var því fjárnámsgjörðin, sem áfrýjað er, ólögleg þegar af þeirri ástæðu, og verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja hana og fella úr gildi.

Með því eigi er sýnt eða sannað í málinu, að áfrýjandi hafi beðið neitt fjárhagslegt tjón af fjárnáminu, verður eigi krafa hans þar að lútandi til greina tekin, og eigi er ástæða til að dæma stefnda í sekt fyrir óþarfa málsýfingu. En stefndi verður að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð skal úr gildi feld. Stefndi Einar kaupmaður Markússon í Ólafsvík greiði áfrýjanda Jóhannesi V. H. Sveinssyni á Kirkjufelli í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.